

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphirðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	45.000 kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun	22.500 kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Gjalddagar eru átta: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m<sup>3</sup> af úrgangi), fyrir hvert heimili 8.300 kr. Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.

Gjöld rekstraraðila: Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kr. eða 1,5 m<sup>3</sup> skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.900 og urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.300.

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðast samtals í móttöku- og flutningsgjald 39 kr. og í urðunargjald 44 kr. og fyrir hvern 1,5 m<sup>3</sup> umfram 1,5 m<sup>3</sup> bætast 3.900 kr. við fyrir móttöku- og flutningsgjald og 4.400 kr. fyrir urðunargjald.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 14. desember 2017 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2018. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit nr. 1344/2016.

*Þingeyjarsveit, 14. desember 2017.*

**Dagbjört Jónsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2018